

Landsnet – Spá um seltuáraun og eldingaveður á morgun
sunnudag.

13.01. 2018kl. 17:00

Almennt yfirlit

Breyting frá í morgun: *Við bætist vindálag norðanlands um tíma í
fyrramálið.*

Dýpkandi lægð sem fer yfir landið í nótt ásamt miklu flæði lofts
vestan frá komið ofan af Grænlandsjökli gerir það að verkum að
seltuáraun verur þó nokkur suðvestan- og vestanlands á morgun.
einkum frá hádegi og fram undir miðnætti saman með éljum. Mest
suðvestanlands, þ.m.t. tengivirkin á Geithálsi og Brennifel og
Vatnshamra. En hún nær einnig inn á land og til Sigöldu seinni
partinn. Seltuáraunin mun einnig herja á tengivirki á Snæfellsnesi
og í Döllum. Meiri óvissa er með Vestfirði.

Mögulega verður um að ræða meiri seltuáraun á þessum slóðum en
við höfum séð um nokkurra ára skeið. Óvissa samt um áraun á
tengivirki þar sem él fylgja og reynsla segir að bleyta með þeim sé
ráðandi.

Með éljunum mun fylgja eldingar í einhverjum mæli suðvestan- og
vestanlands.

*Lægðin verður það djúp skammt undan Skaga eða Siglunesi þegar
kemur fram á morguninn að vindstrengur með ofsaveðri, 23-28 m/s
mun ná inn á Norðurland. Einkum á milli kl. 08 og 12 í fyrramálið.
Ofankoma við 0°C. Einhver ísing saman með vindi veldur hættu á
samslætti í Skagfirði (Sauðárskrókslína) og Rangárvallalínu um
Öxnadalshéiði allt til Akureyrar. Eins vestantil í Eyjafirði. Versta
veðrið er staðbundið og fylgir beint sunnan við lægðarmiðjuna.*

Nánar um veðurútlitið (óbreytt frá í morgun)

Loftið sem hingað berst er komið ofan af Grænlandsjökli og
skraufpurrt þegar það berst út af hafisbrúninni. Þegar það gerist
þarf næst að huga næst að vindafari hér suðvesturundan. Á stórum
hafsvæðum sést vindur 20-23 m/s og við það rötast upp sjávarlöður
sem gufar jafnharðan upp og blandast nýmynduðum éljunum. Mikið
lóðstreymi verður og það hjálpar að því leytnu að seltan berst líka
hærra upp og þynnist þá í neðri lögum.

Áraunin byrjar um eða skömmu fyrir hádegi og er metinn mest þaðan í frá og fram á kvöld. Vindhraði á landi verður um 15-20 m/s í hryðjunum, en birtir á milli. Mögulega líka samfelldir bakkar með hriðarveðri. Í þetta óstöðugu lofti með háreistum klökkum eru eldingar líklegar og hámark eldingahættunnar veður síðdegis. Þær geta hæglega náð einnig inn á Þjórsár/Tungnársvæðið.


Lagast síðan annað kvöld eða snemma nætur þegar uppruni loftsins verður norðanstæðari. Áfram þó hvasst og með éljum. Minni eldingahætta einnig.

Veðurviðvörðun

Með djúpri lægð á morgun og vestanstorms í kjölfar hennar er það metið svo að áraun seltu gæti orðið umtalsverð suðvestan- og vestanlands og valdið truflunum í tengivirkjum. Einkum frá hádegi og fram á kvöld. Samtímis fylgja líklega eldingar éljunum og einnig hætt við truflunum á raforkukerinu af þeirra völdum.

Viðbót: Veðurspár gera ráð fyrir mjög djúpri lægð í fyrramálið skammt fyrir norðan land. Mjög hvasst verður, allt að 23-28 m/s staðbundið norðanlands, einkum í Skagafirði og Eyjafirði og þar er hætt við samstætti eða truflunum til hádegis.

NOAA HYSPLIT MODEL
 Backward trajectory ending at 1200 UTC 14 Jan 18
 00 UTC 13 Jan GFSG Forecast Initialization



Ferill loftins komið til landins kl. 12:00 á hádegi. Rakastigið að neðan (öfug stefna miðað við ferilinn !) Rakinn ekki nema um 25% þegar loftið streymir niður af Grænlandi. Stormur í fyrramálið á miðju Grænlandshafi.

Einar Sveinbjörnsson
 857-1799

